



7. fundur aðalstjórnar Umf. Selfoss

haldinn í Tíbrá miðvikudaginn 1. mars 2017 kl. 18:15.

Mætt eru: Guðmundur Kr. Jónsson (GKJ) formaður, Ingibjörg Garðarsdóttir (IG), Helgi Sigurður Haraldsson (HSH), Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson (ÞRÁ) varamaður Magnúsar Matthíassonar, Adólf Ingvi Bragason (AIB), Guðmundur Gústafsson (GG), Ófeigur Ágúst Leifsson (ÓÁL) og Gissur Jónsson (GJ) framkvæmdastjóri sem ritar fundargerð.

Forföll boðuðu: Hjalti Þorvarðarson, Jóhann Helgi Konráðsson, Sverrir Einarsson, Viktor S. Pálsson, Þórdís Rakei Hansen, Árni Steinarsson og Guðmundur Pálsson.

Formaður hóf fund á því að bjóða velkomna í aðalstjórn nýja formenn fimleikadeildar og mótókrossdeildar.

1. Fundargerð aðalstjórnar

- 5. fundargerð aðalstjórnar frá 1. febrúar 2017 samþykkt.

2. Fundargerð framkvæmdastjórnar

- 8. fundargerð framkvæmdastjórnar frá 15. febrúar 2017 til umræðu.

3. Ársreikningur

- Aðalstjórn samþykkir ársreikning félagsins 2016.

4. Tillögur til lagabreytinga

- Tillögur að lagabreytingum samþykktar af aðalstjórn.

5. Aðalfundur Umf. Selfoss

- Aðalstjórn samþykkir tillögur til aðalfundar en miklar umræður urðu um rekstur afreksstarfs á Selfossi. Aðalstjórn telur mikilvægt að leggja áherslu á að skjóta styrkari stöðum undir afreksstarf félagsins.
- Mikilvægt er að velta þessum málum fram veginn og telur AIB að félagið þurfi að undirbúa vel kynningu á félaginu með fimm ára markmið að leiðarljósi.

6. Hérðasping HSK

- Deildir senda nafnalista á framkvæmdastjóra í næstu viku.

Fundi slitið klukkan 19:19.